

SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 12/2021-2022.

Kærandi: NN

Kærðu: Stöð 2, Sindri Sindrason og framleiðslustjórn Stöðvar 2.

Kæruefni: Myndbirtingar á ljósmyndum af kæranda í sjónvarpsþættinum „Heimilisofbeldi“ og umfjöllun um kæranda í sama þætti sem hún telur hafa verið villandi.

Málsmeðferð: Málið var kært til Siðanefndar með bréfi lögmanns kæranda, dags. 27. apríl 2022. Leitað var andsvara kærðu, sem bárust með bréfi lögmanns kærðu, dags. 10. maí 2022. Siðanefnd ræddi málið á fundum sínum 17. og 31. maí 2022.

Málavextir: Í öðrum þætti í þáttaröðinni „Heimilisofbeldi“, sem frumsýndur var á Stöð 2 þann 28. febrúar 2022, segir dóttir kæranda reynslusögu sína af ofbeldi sem hún bjó við í æsku. Viðmælandi lýsir ofbeldi af hendi beggja foreldra sinna og beinist kæran að úrvinnslu og framsetningu þáttarins sem kærandi telur hafa verið óvandaða og ekki uppfyllt kröfur um tillitssemi sem ber að gæta í meðferð viðkvæmra mála sbr. 3. gr. siðareglina.

Kæran er í þremur liðum. Fyrsta atriði snýr að birtingu á ljósmyndum af andliti kæranda í þættinum. Þá telur kærandi að ekki hafi verið veitt nægjanlegt færi á að koma á framfæri andmælum og leiðréttингum á þeim frásögnum sem koma fram í þættinum og að lokum að umsjónarmaður þáttarins hafi dregið of víðtækur ályktanir af frásögn viðmælanda í þættinum og þannig dregið upp dökka mynd af kæranda umfram það sem tilefni var til.

Lögmaður kærðu og Sýnar hf. ritaði andsvör. Krafa kærðu er sú að Siðanefnd úrskurði að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum Bí í málínú.

Umfjöllun:

Siðanefndarmenn horfðu saman á umræddan fréttapátt á fundi sínum og telja að myndbirtingar af kæranda hafi ekki verið með þeim hætti að hún hafi verið auðþekkjanleg á þeim. Ljósmyndir hafi ýmist verið skyggðar eða afar ógreinilegar. Um þann lið kærunnar að kærandi hafi fengið nægilegt tækifæri til að koma á framfæri andmælum og leiðréttингum er bent á að kærða hafði tækifæri til að koma á framfæri yfirlýsingu sem yrði lesin í lok þáttarins, sbr. fylgiskjal 7, sem hún nýtti ekki. Siðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu, t.d í málum nr. 8/2016-2017 og mál nr. 2/2021-2022 að ekki verði gerð krafa um að andstæðum sjónarmiðum séu ávallt gerð skil í sömu útsendingu eða í sömu umfjöllun.

Þá telur Siðanefnd að þáttastjórnun hafi ekki verið með þeim hætti að þáttastjórnandi hafi spurt leiðandi spurninga eða dregið óþarflega víðtækur ályktanir af frásögn viðmælanda. Í svarbréfi lögmanns kærðu kemur fram að viðmælandi lagði blessun sína yfir efni þáttarins áður en hann var sýndur og að allt sem þar kemur fram sé í samræmi við frásagnir viðmælanda.

Úrskurður:

Kærðu, Stöð 2 og Sindri Sindrason teljast ekki hafa brotið siðareglur Bí.

Reykjavík, 31. maí 2022.

Hjörtur Gíslason

Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason

Ásgeir Þór Árnason

Valgerður Jóhannsdóttir

Valgerður Jóhannsdóttir

Friðrik Þór Guðmundsson

Friðrik Þór Guðmundsson

Emma Björg Eyjólfsdóttir

Emma Björg Eyjólfsdóttir